

VALBÆKLINGUR 2026-2027



 +354 425 3050



www.gerdaskoli.is

VALGREINAR 2026-2027

Tilgangur með valgreinum er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og hvar áhugi þeirra liggur. Í þessum bæklingi eru upplýsingar um þær fjölmörgu valgreinar sem verða í boði í Gerðaskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins. Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum/forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara, kennara einstakra greina eða námsráðgjafa og fá hjá þeim leidsögn. Nemendur skulu varast að velja valgrein einungis af því að besti vinur velur hana. Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn tekinn. Því er mikilvægt að það sem nemendur velja til vara séu valgreinar sem þau hafa áhuga á. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldunámsgreinarnar og kröfur um ástundun og árangur verða á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum. Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.

Nemendur velja valgreinar rafrænt og þarf að ljúka því fyrir **15. maí nk.**

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

**VANDIÐ VALIÐ
YKKAR!**

Spennandi tími framundan - Val á námsgreinum fyrir næsta skólaár!

Kæru nemendur og foreldrar! Nú er komið að því skemmtilega verkefni að velja valgreinar fyrir næsta skólaár. Við hvetjum alla nemendur til að vanda valið vel og velja greinar sem passa best við áhugasvið þeirra og styrkleika.

Í þessum bækling eru lýsingar á þeim valáföngum sem verða í boði í Gerðaskóla næsta skólaár.

Hver nemandi þarf að safna **12 punktum** í vali sínu.

Punktakerfið er einfalt og skýrt:

Val sem spannar eina lotu gefur 1 punkt, tveggja lotu val gefur 2 punkta og heilsársval eða utanskólaval gefur 4 punkta.

Þannig getur þú t.d. valið þrjár heilsárgreinar eða blandað saman styttri og lengri völlum.

Við viljum benda á að þegar val hefur verið staðfest er ekki hægt að breyta því nema í sérstökum undantekningartilvikum. Því er mikilvægt að vanda valið vel og ræða það við foreldra og kennara ef þörf er á.

Gangi ykkur vel með valið!



VAL SEM NÆR YFIR EINA LOTU.

1 punktur hvert val

- JÓLAVAL
- GÖNGUTÚRAR OG ÚTIVIST
- GOLF
- PÍLA
- HEIMILISFRÆÐI
- ... OG MARGT FLEIRA

Jólaval

Markmið áfangans er að skapa notalegt og skapandi umhverfi þar sem nemendur geta fengið útrás fyrir hugmyndaflug og sköpunargleði í tengslum við jólin. Nemendur læra að vinna með mismunandi efnivið og handverksaðferðir. Nemendur efla samvinnu, þolinmæði og hugmyndaþvinnu í gegnum föndur og handverk og njóta jólaundirbúnings í skólanum með jákvæðu og afslappandi hugarfari.

Göngutúrar og útivist

Markmið áfangans er að hvetja nemendur til aukinnar útiveru og hreyfingar, kynna þá fyrir sínu nánasta umhverfi og sögu þess. Gera nemendur meðvitanda um náttúruna, umhverfisvernd og mikilvægi útivistar og stuðla að jákvæðri samveru, samræðum og vellíðan í gegnum gönguferðir.

Leikskólaval

Markmið áfangans er að kynna nemendum fyrir starfi leikskólans og hlutverki starfsfólks. Veita þeim innsýn í uppeldi og menntun ungra barna. Efla ábyrgðarkennd, samskiptafærni og leiðtogahæfni nemenda og skapa jákvæð tengsl milli leikskólabarna og unglunga. Að gefa nemendum tækifæri til að kynnast starfi með börnum, sem getur hjálpað þeim við náms- og starfsval.

Leirgerð

Í leirgerðarvali fá nemendur tækifæri til að kanna sköpunargáfu sína og móta einstök verkefni úr leir. Nemendur munu læra grunnatriði í leirmeðferð, tækni við mótun, skreytingar og glerung, sem og þróa tækni til að útfæra eigin hugmyndir. Markmiðið er að hvetja til persónulegrar tjáningar og þroska listrænna hæfileika í skapandi og stuðningsríku umhverfi. Kennari veitir leiðsögn og stuðning í gegnum ferlið, en nemendur eru hvattir til að taka frumkvæði og sýna hugvitssemi í vinnu sinni.

Núvitund, sjálfsstyrking og hugleiðsla

Við lærum um vellíðan með því að fara yfir núvitund, slökun, jóga og hugleiðslu. Gerum ýmsar þjálfunaræfingar fyrir sjálfsmyndina og sjálfstraustið til að hjálpa okkur að líða betur.

Spil

Í þessu vali verður notast við hefðbundin borðspil eins og Jungle Speed, Heilaspuna, Alias og Pictionary. Einnig verða spiluð þekkt og óþekkt spil á spilastokk, spil eins og t.d. Lauma, Skítakarlar, Olsen Olsen og fleiri spil.

Barnamenningarhátíð - Skelin

Nemendur á unglíngastigi fá tækifæri til að taka þátt í spennandi hagnýtu verkefni þar sem þeir skipuleggja og setja upp barnamenningarhátíð í Suðurnesjabæ. Þetta námsval samþættir fjölbreyttar námsgreinar og snertir mörg hæfnivíðmið á raunhæfan og skapandi hátt

Heimilisfræði / bakstur

Markmiðið er að nemendur geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum, þjálfni verklega færni og geti skipulagt vinnu sína með hagsýni og næringargildi að leiðarljósi. Einnig að nemendur finni ánægju í því að elda, baka og bera fallega á borð og njóti þess að borða saman. Næringarfræði og meðferð matvæla er hluti af allri umræðu. ***Ekki er heimilt að velja þetta val oft en einu sinni.***

Prjón og hekl

Í valinu fá nemendur tækifæri til að læra að prjóna og hekla og eða að bæta við fyrri kunnáttu. Við byrjum á því að meta færni hvers og eins og ákveðum síðan hvaða verkefni hentar best. Nemendur geta valið að prjóna/hekla einfaldan hlut eins og trefil, húfu eða vettlinga, eða tekið að sér stærra verkefni ef þeir hafa meiri reynslu. Kennslan fer fram í afslöppuðu og skapandi umhverfi þar sem við lærum saman og hjálpum hvert öðru. Markmiðið er að hver nemandi ljúki sínu verkefni og öðlist sjálfstæði í prjóni.

Skák

Skákval býður nemendum að kynnast grunnatriðum skáklistar á skemmtilegan og uppbyggilegan hátt. Nemendur æfa rökpjálfun, einbeitingu og skipulagða hugsun, læra reglur leiksins og fá tækifæri til að spila bæði frjálsar skákir og einfalda keppni í góðum félagsskap.

Píla

Í píluvalinu munu nemendur læra að spila pílu og bæta nákvæmni sína við að kasta örvum að markmiðum. Markmiðið með valinu er að kenna grunnatriðin í pílu, eins og hvernig spjaldið virkar og hvernig við leggjum saman stigin, svo eitthvað sé nefnt. Þetta val hjálpar nemendum að bæta einbeitingu og samkeppnishæfni á skemmtilegan hátt. Komdu í pílu, það er gaman.

Ekki er heimilt að velja þetta val oft en einu sinni.

Útihlaup

Markmið er að hvetja nemendur til að bæta heilsu sína og þol með reglulegum hlaupáæfingum. Í áfanganum læra nemendur grunnatriði hlaupa, þar á meðal rétta hlaupatækni og hvernig á að bæta þol og úthald. Í tímum eru æfingar framkvæmdar með ákveðnum markmiðum í huga, þar sem nemendur hlaupa í mismunandi tíma og hraða. Á lokastigi námskeiðsins munu þeir vera tilbúnir að hlaupa 50–60 mínútur í eitt skipti. Áhersla er lögð á að nemendur hafi gaman af hlaupunum og upplifi vellíðan og árangur í ferlinu, ásamt því að auka líkamsrækt og heilsu á skemmtilegan hátt.

Undirbúningur til ökunáms (10. bekkur)

Undirbúningur til ökunáms er valfag sem miðar að því að búa nemendur undir komandi ökunám. Farið er yfir helstu undirstöðuatriði umferðarlaga, umferðaröryggi, merkingar, ábyrgð ökumanna og samskipti í umferðinni. Nemendur öðlast betri skilning á öruggri hegðun í umferðinni, bæði sem gangandi vegfarendur, hjólandi og verðandi ökumenn. Valfagið leggur áherslu á ábyrgð, dómgreind og öryggisvitund.

Anime val

Í Anime vali horfa nemendur á anime-myndir og þætti, ræða þemu, söguþráð og persónur og vinna fjölbreytt verkefni tengd þessum japönsku teiknimyndum. Markmiðið með valinu er að gefa nemendum tækifæri til að kynnast nýjum anime-seríum og myndum, deila áhugamálum sínum með öðrum og njóta sín í skapandi og skemmtilegu umhverfi.

Kvikmyndaval

Kvikmyndaval er skapandi og fræðandi valfag þar sem nemendur horfa á fjölbreyttar kvikmyndir og læra að greina og gagnrýna þær. Unnið er með söguþráð, persónur, myndmál og skilaboð kvikmynda og æft að setja skoðanir sínar fram á málefnalegan hátt. Valfagið eflir gagnrýna hugsun, tjáningu og umræðuhæfni í notalegu og skapandi umhverfi.

Veidival

Í veiðivali fá nemendur að stíga inn í spennandi heim veiða og útivistar, þar sem náttúran er kennslustofan og forvitnin leiðarljós. Í þessu fjölbreytta vali kynnast nemendur hinum ýmsu veiðiadferðum. Veiðival er fullkomið fyrir þau sem elska að vera úti, vinna saman, læra með höndunum og kynnast íslenskri náttúru og menningu á skemmtilegan og hagnýtan hátt.

Ekki er heimilt að velja þetta val oftari en einu sinni.

Námstæknival

Í námstæknivali læra nemendur aðferðir sem geta hjálpað þeim að læra betur og skipuleggja námið sitt. Nemendur kynnast mismunandi námstækni, æfa sig í glósugerð, skipulagningu og undirbúningi fyrir próf. Markmiðið er að hjálpa nemendum að finna leiðir sem henta þeim til að læra á skilvirkari og öruggari hátt.

Skrautskrift

Markmiðið er að nemendur læri að beita þeim verkfærum sem notuð eru í skrautskrift og læri myndun stafa, stafagerð, form þeirra og lögun. Nemendur gera einfaldar skreytingar, s.s. með lykkjum og skyggingum.

Golf

Einstaklingsmiðað nám sem hentar bæði byrjendum og lengra komnum kylfingum. Nemendur sem hafa litla reynslu af golfi fá að kynnast grunnatriðum leiksins og læra helstu höggin svo sem teighögg, járnhögg, vipp og pútt. Reyndari kylfingar fá tækifæri til þess að auka færni sína með fjölbreyttum æfingum og kennslu.

Ekki er heimilt að velja þetta val oftari en einu sinni.

Yoga

Í yogavali munu nemendur kynna ýmsum yogaaefingum, hugleiðslu og slökun með það að markmiði að efla líkamlegan styrk, lipurð og líkamsvitund. Gerðar verða einfaldar og einstaklingsmiðaðar æfingar sem næra líkama og huga, styrkja sjálfsvitund, þjálfa öndun og skapa jafnvægi líkamlega og tilfinningalega.

„True Crime“

Í True Crime vali kynna nemendur raunverulegum sakamálum og því hvernig rannsóknir fara fram. Nemendur horfa á valda þætti eða stutt myndbönd um sakamál, ræða hvað gerðist og skoða hvernig rannsóknir eru unnar. Nemendur fá einnig að vinna saman að því að leysa rannsóknarmál með svokölluðum “case files”, þar sem þeir skoða vísbendingar, lesa skjöl og reyna að komast að því hvað gerðist. Markmiðið er að efla gagnrýna hugsun, samvinnu og hæfni til að greina upplýsingar, á meðan nemendur kynna spennandi rannsóknarvinnu.

Hjólaval

Hjólaval er hagnýtt og heilsueflandi val þar sem nemendur kynna hjólreiðum sem hreyfingu, samgöngumáta og tómstundaiðkun. Áhersla er lögð á öryggi, færni, úthald, samvinnu og ábyrgð í umferðinni. Námið miðar að því að efla sjálfstæði nemenda, hreyfifærni og jákvætt viðhorf til virks lífsstíls.





HÁLFSÁRSVAL

2 punktar hvert val

- FATAHÖNNUN OG TEXTÍLL
- SKÓLAHREYSTI
- SJÓNLIST
- LÍKAMSRÆKT
- KÖRFUBOLTI
- FÓTBOLTI
- HÖNNUN OG SMÍÐI
- LEIKLIST

Skólahreysti

Markmið er að nemendur læri að skipuleggja eigin þjálfun með því að setja sér markmið, styrki sjálfsmynd sína og geri sér grein fyrir gildi samvinnu í leik og keppni. Í tímum stunda nemendur alhliða líkamsþjálfun en sérstök áhersla verður lögð á æfingar sem tengjast skólahreysti. Um áramótin verður valið í lið Gerðaskóla og halda þeir nemendur áfram í skólahreysti fram að keppni. Nemendur í 9. og 10. bekk geta verið í keppnisliðinu.

Sjónlist

Í sjónlistarvali er lögð áhersla á skapandi ferli og einstaklingsmiðaða nálgun. Nemendur fá tækifæri til að þróa eigin listaverk með því að velja sín eigin viðfangsefni og miðla, til dæmis málverk, teikningar og leirgerð. Kennarinn sér um að veita leiðsögn og styðja við ferlið með endurgjöf og samtöllum. Áhersla er lögð á sjálfstæð vinnubrögð og nemendur eru hvattir til að taka skapandi ákvarðanir og kanna nýjar leiðir í listsköpun sinni.

Fatahönnun og textíl

Valgrein þar sem nemendum gefst kostur á því að læra um fatahönnun og að sauma og hanna fallega flík.

Hönnun og smíði

Hönnun og smíði er skapandi valfag þar sem nemendur fá að hugsa, hanna og smíða eigin verkefni. Lögð er áhersla á hugmyndavinnu, lausnaleit og verklega færni þar sem nemendur vinna með ýmis efni og verkfæri. Í valinu læra nemendur að þróa hugmynd frá upphafi til lokaafurðar, vinna sjálfstætt og í samvinnu við aðra, og kynnast mikilvægi nákvæmni, þrautseigju og sköpunar í verki.

Líkamsrækt

Alhliða líkamsþjálfun bæði inni og úti. Fræðsla um hreyfingu og heilsu. Nemendur setja sér markmið í líkamsrækt og kynnast mikilvægi þess að stunda heilsusamlega hreyfingu og lifa heilbrigðu lífi.

Körfubolti

Farið verður í tækniæfingar, skotæfingar, samspil og sendingar. Mestur tíminn fer þó í að spila körfubolta

Fótbolti

Farið verður í tækniæfingar, skotæfingar, skallaæfingar og sendingar. Mestur tíminn fer þó í að spila fótbolta.

Leiklist

Markmiðið er að nemendur fái þjálfun í almennri framkomu á sviði, dansi, radd og líkamsbeitingu. Efli/öðlist sjálfstraust og sköpunargleði og geti komið fram fyrir áhorfendur, sungið, leikið og/eða dansað.



HEILSÁRSVAL

4 punktar hvert val

- NEMENDARÁÐ
- HEIMANÁM
- FRÍSTUND
- ÍPRÓTTIR
- ERASMUS+

Nemendaráð

Nemendaráðs valið er vettvangur þar sem áhugasamir nemendur geta haft áhrif á skólastarfið og unnið að félags- og hagsmunamálum nemenda. Í nemendaráði taka nemendur þátt í að skipuleggja viðburði, koma hugmyndum á framfæri og vinna saman að því að gera skólalífið skemmtilegt og jákvætt fyrir alla.

Heimanám

Markmiðið er að nemandi fái aðstoð við heimavinnu í skólanum. Nemendur geta komið með heimaverkefni sín og fengið aðstoð frá kennara. Valgreininni er skipt í tvo hluta, A og B, sem kenndir eru fyrir og eftir áramót. Nemendum er frjálst að velja báða hlutana eða bara annan hlutann.

Frístund

Unnið með börnum í frístund skólans. Nemandinn kynnist undirbúningi og verkefnum sem lögð eru fyrir börn í frístund en þar eru nemendur í 1. -3. bekk. Farið er út í leiki, inni og úti, borðað nesti o.fl. **Hægt er að velja þetta val annaðhvort sem heilsársval eða lotuval.**

Íþróttir

Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Markmiðið er að nemendur; fái aukna hreyfingu, geri sér grein fyrir áhrifum hreyfingar á líkamann og fái fjölbreytta kynningu á ýmsum íþróttagreinum. Einnig verður fjallað á hagnýtan hátt um heilbriggt líf og lífni. **Hægt er að velja þetta val annaðhvort sem heilsársval eða lotuval.**

Erasmus + samstarfsverkefni (10. bekkur)

Í þessu vali munu nemendur vinna í alþjóðlegu samstarfi við nemendur frá pólskum skóla í gegnum Erasmus+ verkefnið. Við munum rannsaka og skiptast á hugmyndum um hvernig gervigreind gæti verið notuð í skólastarfi, sem og skoða umhverfismál á Íslandi og í Póllandi. Verkefnið felur í sér samskipti við pólsku nemendurna í gegnum netið og hugsanlegar heimsóknir á milli landanna. Nemendur vinna í hópum að verkefnum sem verða kynnt bæði innan skólans og á alþjóðavettvangi. Allt samstarf fer fram á ensku, sem gefur nemendum dýrmæta reynslu í tungumálanotkun og alþjóðlegum samskiptum.



VALGREINAR FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURNESJA

Valgreinar í samvinnu við FS fyrir 9. og 10. bekk
4 punktar hvert val

- **ENSKA** (10. BEKKUR)
- **STÆRÐFRÆÐI** (10. BEKKUR)
- **SPÆNSKA** (10. BEKKUR)
- **RAGMAGN** (9. & 10. BEKKUR)
- **TEXTÍLL OG HÁR** (9. & 10. BEKKUR)
- **HÚSASMÍÐI** (9. & 10. BEKKUR)
- **MÁLMSÍÐI/SUÐA** (9. & 10. BEKKUR)

Valfög í FS eru fyrir nemendur sem hafa sýnt góða námsframvindu og bera ábyrgð á eigin námi. Áður en valið hefst á nemandi samtal við stjórnanda þar sem rætt er um þátttökuna, ábyrgð og markmið, svo tryggt sé að valið nýtist sem best.

ÞRIÐJUDAGAR
KL. 15:00-16:20

ENSKA - ENSK2KO05 (aðeins fyrir 10. bekk)

Áhersla er lögð á að nemendur auki orðaförða í ensku, þekkingu á enskri málfræði og skilning á skrifaðri og talaðri ensku með lestri, skilningi og málfræði æfingum. Lesa smásögur og svara spurningum tengdum þeim. Auka skriflega færni sína með því að skrifa ritgerðir um tiltekin málefni. Auka hæfileika sína í talaðri ensku. Efla sköpunargáfu sína með því að lesa og búa til einföld ljóð. Gera margskonar æfingar til að styrkja námshæfni sína og bæta námsaðferðir sínar

RAFGREINAR - RAFG1KY05

Í þessum áfanga kynnist nemandinn starfi rafidnaðarmannsins. Gerðar eru áhugaverðar tilraunir til að auka skilning á eðli og hegðun rafmagns. Í áfanganum kynnast nemendur helstu grundvallaratriðum og lögmálum rafmagns. Einfaldur búnaður er tengdur á fagmannlegan hátt. Hægt verður að tengja verkefni við áhugasvið nemenda s.s. rafeindatækni og rafmagnsfræði farartækja.

TEXTÍLL OG HÁR - TXHÁ1FH05

Kennt er einu sinni í viku tvær kennslustundir, aðra vikuna textíl og hina hár. Nemendur kynnast tískustraumum í hártísku, fatnaði og förðun. Verklegur áfangi.

Húsasmíði - HÚSA1KY05 (hópur 2)

Markmið áfangans er að kynna fyrir nemendum nám í húsasmíði og skyldum byggingagreinum þannig að þeir þekki grunnám og námsleiðir þeim tengdum. Einnig er þeim kennt að nota ýmis verkfæri sem notuð eru við trésmíði og hvaða verkfæri skal velja út frá þeim verkum sem verið er að vinna með hverju sinni. Þá er einnig farið yfir vinnuverndarmál og hvað ber að varast við notkun tækja og áhalda við trésmíðavinnu.

MIÐVIKUDAGAR

KL. 15:00-16:20

STÆRÐFRÆÐI - STÆR2AH05. (aðeins fyrir 10. bekk)

Meginefni áfangans er algebra, föll og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Efnisþættir sem teknir verða fyrir í áfanganum eru: bókstafareikningur, veldi og rætur, jöfnur af öðru stigi, könnun annars stigs ferla (fleygboga) í hnitakerfi, meðferð algebrubrota, margliðudeiling, ójöfnur af fyrsta og öðru stigi og hornaföll í rétthyrndum þríhyrningi. Föll: fallhugtakið er innleitt og nokkur algeng föll kynnt.

HÚSASMÍÐI - HÚSA1KY05 (hópur 1)

Markmið áfangans er að kynna fyrir nemendum nám í húsasmíði og skyldum byggingagreinum þannig að þeir þekki grunnám og námsleiðir þeim tengdum. Einnig er þeim kennt að nota ýmis verkfæri sem notuð eru við trésmíði og hvaða verkfæri skal velja út frá þeim verkum sem verið er að vinna með hverju sinni. Þá er einnig farið yfir vinnuverndarmál og hvað ber að varast við notkun tækja og áhalda við trésmíðavinnu.

MÁLMSMÍÐI/SUÐA - MALM1MA05

Unnið er að ýmsum verkefnum sem tilheyra málmsmíði, notkun tafla, mælitækja, smíðavéla og handverkfæra. Samhlíða fer fram fræðsla um slyshættu og öryggisþætti. Farið er yfir notkunarsvið verkfæra meðhöndlun, umhirðu og viðhald. Nemendur eru gerðir hæfir til að nota ýmis handverkfæri og einföldustu blikk og spóntöku tæki til málmsmíða.

SPÆNSKA - SPÆN1SO05 (aðeins fyrir 10. bekk)

Megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Nemendur eru þjálfaðir í lestri, hlustun, tali og ritun. Einföld málfræðiatríði eru kynnt og útskýrð. Áhersla lögð á uppbyggingu orðaforða og viðeigandi málsnið. Umfjöllun um Spán, spænska menningu og spænskumælandi málsvæði. Efni á netinu kynnt og ýmis konar annað ítarefni, s.s. tónlist og myndefni

FORFÖLL SKAL TILKYNNNA Í FS

Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.

Ef nemendur eru veikir eða í leyfi og komast þess vegna ekki í tíma í Fjölbrautaskólann þá þarf EINNIG að tilkynna forföll þar í síma 421-3100.

VALGREINAR UTAN GERÐASKÓLA

4 punktar hvert val

ÍPRÓTTAÐKUN/TÓMSTUNDIR

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem stunda íþróttir af miklu kappi hjá íþróttafélagi sem hlotið hefur viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/ fyrirmyndardeild eða eru í viðurkenndu tómstundastarfi t.d. dansi, skátunum eða björgunarsveit. Markmiðið er að viðurkenna þá vinnu sem liggur að baki íþróttaiðkun/tómstundum með því að meta greinina sem eina valgrein allan veturinn.

KNATTSPYRNUÞJÁLFAVAÐ

Þessi valgrein er fyrir þá nemendur sem hafa áhuga á þjálfun í knattspyrnu og stefna á að leggja það fyrir sig. Valið er kennt allt skólaárið, 1 x í viku, bæði bókleg og verkleg kennsla í bland. Nemendur öðlast grunnfærni í þjálfun og kennslufræðum auk þess sem þau fara í gegnum dómaranámskeið.

Unglingaprek

Í valinu er lögð áhersla á alhliða hreyfingu og heilbrigðan lífsstíl með fjölbreyttum æfingum og fræðslu.

TÓNLISTARNÁM

Nemendur sem stunda nám í tónlistarskólanum í Garði geta fengið nám sitt metið sem eina valgrein allan veturinn.

FÁ - fjarnám (9.-10. bekkur)

Fjarnám fyrir grunnskólanemendur í Fjölbrautaskólanum við Ármúla. Þetta spennandi tækifæri gerir efnilegum nemendum kleift að hefja framhaldsskólanám samhliða grunnskólanámi.

LOTU SKIPTING Á VALI

1. LOTA - 31. ÁGÚST - 30. OKTÓBER
2. LOTA - 01. NÓVEMBER - 15. JANÚAR
3. LOTA - 18. JANÚAR - 19. MARS
4. LOTA - 30. MARS - 28. MAÍ

Garðbraut 90, 250 Suðurnesjabær